

140 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.**
 24. '52

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 17. þ. m., og ósk hreppsnefndar Skarðshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Sauðárkróki að Innstalandi á Reykjaströnd, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

141 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.**
 6. marz

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 27. f. m., og ósk hreppsnefndar Öngulsstaðahrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Þverá í barnaskólahúsið á Syðra-Laugalandi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

142 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar.**
 15. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 11. þ. m., og ósk hreppsnefndar Mosfellshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Brúarlandi að Hlégarði í Mosfellshreppi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.

143 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.**
 16. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. maí s. l., og ósk hreppsnefndar Grunnavíkurhrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Flæðareyri við Leirufjörð að Sætúni í Grunnavík, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar.